



Borgarráð

Umsögn um framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um kostnað við endurbætur á Gröndalshúsi

Á fundi borgarráðs 22. nóvember s.l. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Endurbætur á einu húsi fyrir 238 milljónir króna eru há fjárhæð. Upphafleg fjárhagsáætlun var upp á 40 milljónir króna. Óskað er eftir skýringum á þessu. Auk þess staðfestingu á að verkið hafi verið boðið út í heild eða að hluta. Skýringa er óskað ef það hefur ekki verið gert.“

Umsögn Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Árið 2015 var ákveðið að hefja framkvæmdir við að færa Gröndalshús á varanlegan stað við Vesturgötu 5b. Fjárheimild þá, samkvæmt kostnaðaráætlun, var 50 milljónir króna auk þeirra 37,5 milljóna sem þegar hafði verið varið í húsið á fyrri árum.

Eftir að búið var að flytja húsið á nýjan grunn og farið var að gera húsið upp að innan komu í ljós margir alvarlegir gallar í húsinu sem ekki voru ljósir þegar fyrstu áætlanir voru gerðar. Helstu ástæður mikils kostnaðarauka eru eftirfarandi:

- Mygla fannst í þakklæðningu sem endurnýjuð var árið 2009. Nauðsynlegt reyndist að skipta klæðningunni út og bárujárnsklæða upp á nýtt.
- Útveggir hússins voru mun óþéttari en gengið var út frá. Mikil vinna var lögð í að þetta húsið svo tryggja mætti eðlilega innivist og hagkvæman rekstur hússins.
- Gler í gluggum hússins höfðu losnað og nauðsynlegt reyndist að yfirfara alla glerjun hússins.
- Nauðsynlegt reyndist að endurbyggja gólf 1.hæðar til að tryggja burð þess.
- Aðstæðum í og við húsið var breytt til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra eins og kostur var.
- Innanhússklæðningar voru það heillegar að hægt var að endurnýta þær nánast allar en það útheimti þó mikla vinnu.
- Fornleifar fundust á lóðinni og hlaust umtalsverður kostnaður af rannsókn þeirra.

Endurgerð hússins var ekki boðin út heldur var hún hluti rammasamnings sem gerður var við Minjavernd og samþykktur í borgarráði þann 10. apríl 2014.

Óli Jón Hertervig

